# Fundargerð 26.11.2025
# Fagráð um velferð dýra

## Skipulag

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Fundarboðandi:* | Hildur Arna Gunnarsdóttir | *Fundarstaður:* | Fjarfundur (Teams) |
| *Fundarstjóri:* | Þóra Jónasdóttir | *Dagsetning:* | 26. nóvember 2025 |
| *Fundarritari:* | Hildur Arna Gunnarsdóttir | *Fundartími:* | 08:30 – 10:30 |

*Þátttakendur:* Þóra Jónasdóttir (Yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir (f.h. Siðfræðistofnun HÍ).
Áheyrnarfulltrúar: Linda Karen Gunnarsdóttir (varamaður f.h. Dýraverndarsamband Íslands)
Boðið inn undir lið 1): Arnþór Guðlaugsson, Eydís Sigvaldadóttir og Sunna Björnsdóttir.
Starfsmenn MAST: Hildur Arna Gunnarsdóttir (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni) og Agnes Helga Martin (starfsmaður MAST).

## Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

   a. **Titill umsóknar:** „Sannreyning og þróun á aðferð til blóðvökvatöku (plasmapheresis) úr íslenskum hrossum“
   **Tilgangur:** Að þróa aðferð til blóðvökvatöku úr íslenskum hrossum hérlendis með beitingu sjálfvirkrar blóðvökvaskiljunar. Þessi aðferð er notuð víða um heim í sama tilgangi s.s. til framleiðslu á mótefnasermi, normalsermi og fleira þar sem safna þarf blóðvökva úr lifandi hrossum.

   Farið var yfir svör umsækjanda á spurningum fagráðs frá síðasta fundi og fleiri spurningar komu fram. Undir þessum lið komu inn á fundinn til að svara spurningum umsækjandi tilraunar Arnþór Guðlaugsson, gæðastjóri Ísteka Eydís Sigvaldadóttir og Sunna Björnsdóttir sem einnig kemur að rannsókninni. Fagráð getur ekki tekið afstöðu að sinni og óskar eftir frekari svörum er varða rannsóknaráætlun og lýsingum rannsóknar áður en fagráðsmeðlimir gefa endanlegt álit. Arnór, Eydís og Sunna véku af fundi aftur.

2. Yfirferð á vinnureglum Fagráðs um velferð dýra **–** Verður unnið milli funda og farið yfir á næsta fundi.
3. Drög að ályktun um afréttarbeit sauðfjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsjónarmanna/eiganda – Farið yfir drög. Verður unnið af fagráðsmeðlimum áfram milli funda.
4. Önnur mál: Raunstaða á geldingum á lambhrútum – Umræða um ólöglegar heimageldingar á sauðfjárbúum.
5. Mál sem verða tekin eftir áramót: Ályktanir um smölun og réttir og lausagöngu búfjár og umferð með Katrínu Andrésdóttur.

1. **Drög að dagskrá næsta fundar í janúar 2026.**
   a. Ályktanir um smölun og réttir og lausagöngu búfjár og umferð
   b. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna
   c. Yfirferð á vinnureglum Fagráðs um velferð dýra – framgangur
   d. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.10:35. Næst fundar Fagráð um velferð dýra í desember vegna flýtimeðferðarbeiðni á afgreiðslu umsóknar á tilraun.